

Viðtakandi:

Sveitar- og bæjarstjórnir á Vesturlandi

Borgarnes, 1. október 2021

Efni: Drög að Menningarstefnu Vesturlands 2021-2024

Ágæti viðtakandi

Á nýafstöðnu haustþingi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi var ákveðið að vísa Menningarstefnu Vesturlands 2021-2024 til sveitarfélaganna á Vesturlandi til samþykktar. Með bréfi þessu er óskað eftir að stefnan sé tekin til afgreiðslu á næsta fundi sveitar- eða bæjarstjórn ykkar sveitarfélags og að viðbrögð verði send undirrituðum **eigi síðar en 1. nóvember 2021.**

Við endurskoðun menningarstefnunnar var skipað sérstakt fagráð og sendu nánast öll sveitarfélögin á Vesturlandi fulltrúa í ráðið. Að auki voru fjórir fagaðilar sem starfa í listum eða menningartengdri starfsemi. Starfsmenn menningarstefnunnar voru í nánu samstarfi við fagráð við gerð stefnunnar og að auki voru haldnir opnir fundir í streymi, þar sem kallað var eftir ábendingum frá almenning.

Niðurstaðan er vönduð menningarstefna sem lögð er fram með bréfi þessu til samþykktar sveitarfélaganna á Vesturlandi. Ef einhverjar spurningar vakna eða ef frekari kynningar sé óskað má hafa samband við undirritaðan.



Sigursteinn Sigurðsson

Menningar- og velferðarfulltrúi
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi